

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 180/2018

2021/EES/15/08

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/669 frá 16. apríl 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zza (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32018 R 0669:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/669 frá 16. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 115, 4.5.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/669, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 115, 4.5.2018, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.